

## Stjórnarfundur 288

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
22.08.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 288
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:25	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi		

### Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri  
Arnaldur B. Magnússon, sviðsstjóri  
Hjalti Steinn Gunnarsson, sviðsstjóri  
Kristín Kjartansdóttir, fjármálastjóri  
Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri

---

- 1. Kynning á minnisblaði Eflu um sundlaugayfirbreiðslur**
- 2. 6 mánaða uppgjör**
- 3. Greiðslur til áheyrnarfulltrúa fyrir setu á stjórnarfundum**
- 4. Arnarnes, sala á húsnæði og lóð**
- 5. Starfsreglur stjórnar vegna setu framkvæmdaráðs NO á stjórnarfundum**
- 6. GPO ehf. þátttaka Norðurorku hf.**
- 7. Önnur mál**

## **1. Kynning á minnisblaði Eflu um sundlaugaryfibreiðslur**

Norðurorka hf. fól Eflu verkfræðistofu að meta líklegan orkusparnað af því að breiða yfir sundlaugar að nóttu til. Einnig var tæknileg útfærsla yfibreiðslna og kostnaður skoðaður. Efla hefur skilað minnisblaði um málið.

Árni Sveinn Sigurðsson frá Eflu kom á fundinn og kynnti efni minnisblaðsins.

***Stjórn þakkar Árna Sveini fyrir góða kynningu á efni minnisblaðsins.***

## **2. 6 mánaða uppgjör**

Fyrir liggur sex mánaða uppgjör Norðurorku hf og samstæðunnar, þ.e. með Fallorku. Fjármálastjóri fór yfir uppgjör móðurfélagsins sem og samanburð við fyrra ár og áætlun þessa árs. Rekstrarhagnaður móðurfélagsins nemur 95 millj. kr. eftir reiknaðan skatt, að teknu tilliti til áhrifa dóttur- og hlutdeildarfélagana, en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir 127 millj. kr. hagnaði.

Sala er 23 millj. kr. yfir áætlun, að langstærstum hluta í hitaveitu. Launaliður er hærri en áætlun gerir ráð fyrir sem skýrist m.a. af launahækkun á árinu sem var afturvirk til 1. nóvember á síðasta ári. Afskriftir eru talsvert lægri en áætlað var sem eru áhrif af virðisrýrnunarprófi veitna. Rekstrarhagnaður móðurfélagsins fyrir fjármagnsliði er 472 millj. kr. sem er 25,5% hærri en áætlað var en hins vegar eru fjármagnsliðir neikvæðir um 351 millj. kr. en áætlun gerði ráð fyrir 261 millj. kr. Á samstæðugrunni er handbært fé frá rekstri 894 millj. en fjárfestingar 1.066 millj. kr.

***Stjórn gerir ekki athugasemd við uppgjörið.***

## **3. Greiðslur til áheyrnarfulltrúa fyrir setu á stjórnarfundum**

Á eigendafundi Norðurorku hf. 19. apríl sl. kom fram ósk um að greitt verði fyrir setu áheyrnarfulltrúa minnihluta eigenda á stjórnarfundum. Mun sambærileg ósk hafa verið borin upp nokkrum sinnum áður.

***Stjórn telur ekki tilefni til að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi og verður þátttaka áheyrnarfulltrúa áfram ólaunuð.***

## **4. Arnarnes, sala á húsnæði og lóð**

Í mars á þessu ári festi Norðurorka hf. kaup á jörðinni Arnarnesi og jarðhitaréttindum jarðarinnar. Á jörðinni eru nokkur hús, þ.á.m. íbúðarhús og gistiheimili þar sem rekin er ferðaþjónusta. Norðurorka hefur haft samráð við Ísor um vænta nýtingu jarðarinnar til jarðhitaleitar og -vinnslu og er það metið fýsilegt að jörðin verði að stærstum hluta áfram í eigu Norðurorku.

Forstjóri leggur það til að út úr jörðinni Arnarnes verði tekin landspilda, ca. 3,5 hektarar sem umlykja húseignirnar og verði selt með húsunum.

***Stjórn felur forstjóra að selja ofangreinda landspildu og húseignir.***

## 5. Starfsreglur stjórnar vegna setu framkvæmdaráðs Norðurorku hf. á stjórnarfundum

Árið 2013 var sett inn í starfsreglur stjórnar Norðurorku hf. ákvæði þess efnis að þeir stjórnendur sem mynda framkvæmdaráð fyrirtækisins sitji alla jafna stjórnarfundum nema stjórn velji annað. Ekki er vitað til þess að sambærilegt sé gert í öðrum hlutafélögum.

Samkvæmt starfsreglum getur stjórn kallað til starfsfólks, þ.á.m. stjórnendur úr framkvæmdaráði til upplýsingar og ráðgjafar þegar það á við. Það er því ekki talið vera tilefni til að binda stjórnendur Norðurorku hf. á stjórnarfundum.

***Gerð er breyting á starfsreglum stjórnar Norðurorku hf. þessa efnis sem stjórn undirritar.***

## 5. GPO ehf. þátttaka Norðurorku hf.

Norðurorka hf. hefur átt hlut í einkahlutafélaginu GPO sem stóð að olíuframleiðslu úr plasti en hefur ekki haft nein verkefni síðustu ár. Hefur hlutafélagið í verðbréfum og bankainnistæðum. Einhverjir hluthafar hafa lýst yfir áhuga að hætta þátttöku og fá hlutafélagið greitt. Framkvæmdastjóri GPO ehf. spurði hver væri vilji Norðurorku í þessu sambandi.

***Stjórn telur að þar sem ekki hefur verið starfsemi í félaginu og ekki eru uppi áform um verkefni þá sé rétt að hætta þátttöku í félaginu.***

## 6. Önnur mál

Ný gjaldskrá Norðurorku hf. tók gildi 1. ágúst sl. Í ljós kom að kerfi HMS var ekki gert til að breyta álagningu á miðju tímabili. HMS gerði breytingar á kerfinu og hafa sveitarfélögin sem um ræðir getað lagt á síðustu gjalddaga ársins miðað við breytta gjaldskrá.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:25